

Nd.

110. Frumvarp til laga

[94. mál]

um breyting á lögum nr. 108/1973, sbr. læknalög nr. 80/1969.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

Við 3. gr. komi ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Ráðherra getur einnig veitt mönnum takmarkað lækningaleyfi, ef þeir hafa til þess næga þekkingu að dómi landlæknis og hann mælir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ákvæði það, sem hér er lagt til að tekið verði aftur inn í læknalög, féll úr þeim lögum við breytingu, sem gerð var með lögum 108 31. desember 1973.

Ástæðan fyrir því, að hróflað var við læknalögunum haustið 1973, var eins og þáverandi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sagði í sinni framsöguræðu sú, að samkvæmt þágildandi lögum gátu þeir einir fengið lækningaleyfi hér á landi, sem voru íslenskir ríkisborgarar. Það ákvæði hafði sætt vaxandi gagnrýni enda samsvarandi ákvæði þá úr lögum felld á Norðurlöndum.

Að tillögu landlæknis var því frv. frá 1973 flutt og það var síðan samþykkt og afgreitt frá Alþingi sem lög nr. 108 31. desember 1973.

Það þótti rétt að færa þá nokkur atriði eldri laganna í nútímalegra horf, eins og sagði í greinargerð með frumvarpinu. Þess vegna voru nokkrar málsgreinar læknalaganna frá 1969 umskrifaðar, enda voru þau lög að stofni til orðin þýsna gömul, eða frá 1932.

Allt áttu þetta að vera minni háttar breytingar eins og ráðherra sagði í sinni framsöguræðu.

Nú hefur landlæknir hins vegar bent á að umrætt ákvæði hafi burtu fallið, hann hafi ekki gert ráð fyrir afnámi þess í sínum tillögum 1973 enda telji hann að ákvæði þetta þurfi að vera áfram í lögum. Hefur hann því lagt til að frumvarp þetta verði flutt og að aftur verði lögfest orðrétt það ákvæði úr 3. gr. læknalaga nr. 80/1969, sem burtu féll 1973, að því er virðist fyrir vangá.